



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 21. janúar 2020
Tilvísun í mál: R19110216

Til Forsætisnefndar
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ferðakostnaður og kolefnisspor kjörinna fulltrúa verði birtur opinberlega.

Vísað er til bréfs, dagsett þann 5. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ferðakostnaður og kolefnisspor kjörinna fulltrúa verði birtur opinberlega.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 21. janúar 2020
R19110216
PON
ÓJS

Lagt fyrir fund Forsætisnefndar 31. janúar 2020

Umsögn

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni:

Á fundi Borgarráðs þann 21. nóvember 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að allur ferðakostnaður, þ.e. allur kostnaður við dagpeninga, hótél, ferðalög og annað uppihald, sem og kolefnisfótspor vegna utanferða vegna vinnu verði birt á hvern kjörinn fulltrúa á sömu síðu og birtir laun kjörinna fulltrúa.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar í forsætisnefnd sem í kjölfarið vísaði tillögunni, með bréfi dagsettu þann 5. desember 2019, til umsagnar hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði þar sem auk ofangreinds var óskað eftir kostnaðarmati og tímasettri áfangaskýrslu fyrir 1. apríl 2020.

Greinargerð:

Samkvæmt verklagsreglum borgarinnar um ferðaheimildir og ferðakostnað í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar verður ferðaheimild að liggja fyrir og vera samþykkt af réttum aðilum áður en heimilt er að stofna til kostnaðar vegna ferðar. Þegar ferðaheimild er samþykkt er hún stofnuð í fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar Agresso, með sérstöku ferðanúmeri. Í ferðaheimild er tilgreint tilefni ferðar auk þess sem kostnaður vegna ferðarinnar er áætlaður. Ferðakostnaður samanstendur af fargjaldi, dagpeningum, ráðstefnugjöldum og öðrum kostnaði. Undir ferðakostnað falla einnig ferðir sem farnar eru, þó greiddar séu að öllu leyti eða hluta með styrkjum sem borgin fær, eða niðurgreiddar eru af þriðja aðila.

Afgreiðsla ferðaheimilda fer samkvæmt verklagsreglum fram víða í borgarkerfinu. Skrifstofustjóri borgarstjórnar staðfestir slíkar ferðaheimildir vegna ferða borgarfulltrúa á vegum borgarráðs eða borgarstjórnar og ber að sama skapi ábyrgð á afgreiðslu þeirra innan fjárheimilda á skrifstofu borgarstjórnar. Sviðsstjórar fag- og kjarnasviða staðfesta slíkar ferðaheimildir vegna ferða nefndafulltrúa á vegum hlutaðeigandi nefnda og bera ábyrgð á afgreiðslu þeirra innan fjárheimilda síns málaflokks. Þá ber borgarritari ábyrgð á samþykkt ferðaheimildar fyrir borgarstjóra. Allur kostnaður vegna ferða er færður inn á ferðanúmer viðkomandi ferðar í fjárhagskerfi Agresso. Samkvæmt reglum greiðist kostnaður af fjárheimildum hlutaðeigandi sviðs eða skrifstofu sem einnig ber ábyrgð á að ferðauppgjör séu gerð og að notaðar séu til þess raunupplýsingar úr Agresso.

Til að hægt sé að birta sundurliðaðað upplýsingar um ferðakostnað í vefviðmóti, hvort sem er í Gagnasjá í framtíðinni eða öðrum opinberum vefjum borgarinnar, þarf að keyra raunupplýsingar um kostnað vegna einstaka ferða upp úr fjárhagskerfi Agresso. Flokkunarkerfi Agresso er nokkuð heildstætt og ætti að getað mætt ofangreindri tillögu að mestu. Kerfið býður þó ekki upp á skráningu styrkja sem koma til niðurgreiðslu á kostnaði vegna ferða en eru ekki greiddir inn á reikning borgarinnar, svo sem vegna styrkja sem greiddir eru til einstaklinga frá stéttarfélögum eða niðurgreiðslu ferðar af þriðja aðila hvort sem er að hluta eða öllu leyti. Til viðbótar bjóða einstaka flokkar ekki upp á blöndun gagna svo sem þegar kemur að tegund ferðar sem farin er sé hún blanda af ráðstefnu og fundi.

Verklagsreglur fjármála- og áhættustýringarsviðs um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykavíkurborgar eru skýrar. Skoðun hefur leitt í ljós að áskoranir tengdar birtingu á upplýsingum um ferðakostnað borgarfulltrúa birtast þar sem verklagsreglum borgarinnar sleppir. Í dag eru ferðaheimildir unnar handvirkt í excelskjál á einni skrifstofu og færðar handvirkt inn í kerfi á annarri skrifstofu þar sem ferðaheimildin er formlega stofnuð. Þær tegundir upplýsinga sem færðar eru inn í heimildina eru fasti, sem og upplýsingaformið sjálft en innihaldið er breytilegt. Upplýsingar eru færðar inn í heimild með þrennskona hætti: með því að merkja x við val í reitum, fylla inn kostnaðartölur og svo með því að rita texta um tilgang og rökstuðning fyrir mikilvægi ferðarinnar í þar til gert textabox.

Til að byggja og viðhalda trausti almennings og hagaðila á þeim gögnum sem birt eru þarf að tryggja áreiðanleika upplýsinganna sem eru birtar. Hætta er á að gæði gagnanna minnki í flutningi upplýsinga milli kerfa, sem rekja má til innsláttar upplýsinga og túlkun á upplýsingum milli kerfa. Í samþykkttaferli reikninga við uppgjör ferðar, sem ávalt koma að þrír aðilar (bókhald, samþykktaraðili eitt og tvö), geta reikningar bókast á ranga lykla í fjárhagskerfi Agresso þó svo að verkþátturinn sé réttur þ.e. ferðakostnaður. Einnig er það túlkunaratriði hvernig textar úr ferðaheimild eru færðir inn í flokkunarkerfi Agresso. Þessi staða gerir það að verkum að töluverða handvirka vinnu þarf til við að hreinsa gögnin sem keyrð eru upp úr fjárhagskerfi Agresso og endurflokka færslur og leiðréttu skráningar, ef birta á sundurliðaðan kostnað eins og tillaga borgarfulltrúa segir til um í stað heildarkostnað ferðar. Slík handavinna er tímafrek.

Hvað varðar útreikninga og birtingu á kolefnisspori utanferðar borgarfulltrúa þá hefur Reykjavíkurborg um hríð notast við hugbúnað Klappa til að efla snjalla umhverfisstjórnun í starfsemi borgarinnar. Nýverið gerðu Klappir og Icelandair með sér samkomulag um að viðskiptavinir flugfélagsins gætu reiknað út og kolefnisspor flugferða sinna í gegnum hugbúnað Klappa og til viðbótar kolefnisjafnað flugferðir sínar samstarfi við Kolvið. Vonir standa til að upplýsingarnar frá Icelandair verði niður á færslugrunn, þ.e. að Reykjavíkurborg geti fengið upplýsingar um hverja ferð fyrir sig. Verkefnið er þó enn á þróunarstigi og ekki fyrirjáanlegt að svo stöddu hvernig framsetningin verður.

Sá hængur er á að hugbúnaður Klappa tekur að svo stöddu einungis til flugs á vegum Icelandair en ekki til flugs sem keypt er af öðru flugfélagi. Til að mæla sjálfvirkt kolefnisspor annarra flugferða en þeirra sem keyptar eru af Icelandair þarf að vera hægt að draga upplýsingar um einstaka flug upp úr kerfum og tengja við reiknivélar. Skráning á upplýsingum um flug er ekki iðkuð í dag hjá Reykjavíkurborg og töluverð vinna og tími fælist í því að smíða hugbúnað sem tæki á slíku svo hægt væri að birta upplýsingarnar í vefviðmóti samhliða upplýsingum um ferðakostnað.

Skoða þarf sérstaklega hvort einhverjar ytri kröfur eigi við um þau gögn sem lagt er til að verði birt niður á nafn einstaka borgarfulltrúa, svo sem persónuverndarlög.

Niðurstaða:

Í dag er hægt að kalla fram ferðakostnað einstaklinga í gegnum Agresso en ekki er hægt að ábyrgjast að þær upplýsingar séu samræmdar þar sem þær byggja á gögnum úr ferðabeiðnum sem unnar eru handvirkt í excel-skjölum og fluttar á milli kerfa og þar sem skráning huglægra upplýsinga inn í ferðaheimildir er unnin á ólíkan máta á milli sviða. Rafvæðing á ofangreindum ferli allt frá gerð ferðaheimildar til samþykktar kostnaðar í Agresso, til viðbótar við samræmingu verklags allt frá skráningu upplýsinga til samþykkttaferlis reikninga á sviðum og skrifstofum borgarinnar, myndi tryggja gæði þeirra gagna sem óskað er eftir að verði birt.

Hugsanlegt verkefni eða útfærsla á ofangreindri tillögu myndi skiptast í nokkra verkþætti en áætlað er að vinnsla verkefnisins tæki 12-18 mánuði, að því gefnu að engar óvæntar tafir verði á einstaka verkþáttum. Við kostnaðarmat er stuðst við rauntölur og tímaáætlanir frá verkefnum af svipuðu tagi og þannig lagt mat á tíma og kostnað. Heildarkostnaður verkefnisins er þannig áætlaður um 15 mkr. og skiptist eftirfarandi:

1. Umbreyting á ferðabeiðnum Reykjavíkurborgar yfir á rafrænt form í grunn- eða rafræna vefgátt (innri Mínar síður). Áætlaður kostnaður: 7 mkr.
2. Gerð millilags (vefþjónustu) sem les upplýsingar úr rafrænni gátt beint inn í fjárhagskerfi Agresso. Áætlaður kostnaður: 1,5 mkr.
3. Smíði tengingar úr fjárhagskerfi Agresso yfir á birtingarvettvang (t.d. QlikSense eða sambærilegt). Áætlaður kostnaður: 1,5 mkr.
4. Smíði tengingar úr rafrænu vefgáttinni við tól sem gæti reiknað út kolefnisfótspor að því gefnu að tólið geti reiknað út fótsporið óháð flugfélagi. Áætlaður kostnaður: 2 mkr. Nokkur óvissa er hér en gengið er út frá að um veflægt tól verði að ræða sambærilegt tólinu sem Klappir bjóða upp á.
5. Smíði tengingar til að tengja öll umbeðin gögn inn í komandi gagnsjá þar sem hægt væri að fletta upp kostnaði niður á einstaklinga. Áætlaður kostnaður: 3 mkr.

Að auki þyrfti að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði en ekki er hægt að áætla hann á þessu stigi. Þjónustu- og/eða leyfagjöld sem ekki eru þekkt núna gætu t.d. haft áhrif sem og form hýsingar og gagnavinnslu.

Þess ber að geta að rafvæðing ofangreinds ferils tæki einnig til ferðaheimilda allra starfsmanna borgarinnar.

Virðingarfyllst,
Óskar J. Sandholt